

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 343 12. desember 1972 um holræsi í Neskaupstað.

**1. gr.**

6. gr. hljóði svo:

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði. Til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga að eða í námunda við götu, veg eða annað opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða árlegt holræsagjald 0.15% af fasteignamati húsa og lóða, skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð holræsagjalds skal þó aldrei vera lægri en kr. 1 000.00 — eitt þúsund krónur — af einbýlishúsi, af íbúðarhúsi með tveim íbúðum eða fleiri, skal lægsta gjald vera kr. 600.00 — sex hundruð krónur — af íbúð.

Holræsagjaldið miðast við byggingarvísitölu 1986 stig að breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitölu, eins og hún er í árslok hverju sinni.

Hækkanir samkvæmt þessari málsgrein mega ekki vera hærri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 342 12. desember 1972 fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.

**1. gr.**

8. gr. hljóði svo:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatni er veitt í eða næst til vatnsæðar frá. Skal hann vera 0.20% af fasteignamati húsa og lóða samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 2 000.00 á ári.

**2. gr.**

9. gr. hljóði svo:

Vatnsveitan getur þar sem ástæða þykir til, selt vatnsnot samkvæmt mæli fyrir kr. 5.00 hverja smálest.

Árleg leiga af vatnsmælum skal nema kr. 2 000.00.

**3. gr.**

10. gr. hljóði svo:

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða, sem hér segir, auk vatnsskatts.